

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 230/1995.

**Bergey hf.**

(Steingrímur Þormóðsson hrl.)

gegn

**íslenska ríkinu**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Frávísun frá Hæstarétti. Stjórnvaldsákvörðun. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1995. Hann gerir eftirfarandi kröfur:

I. Að ákvörðun sjávarútvegsráðherra 23. júlí 1991 um að svipta áfrýjanda veiðileyfi, út gefnu 16. febrúar 1991, fyrir Svöluna, SK-37, til að veiða með línu og handfæri frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 verði dæmd ógild.

II. Að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda 1.058.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1991 til greiðsludags.

III. Að áfrýjanda verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þá kröfu aðallega, að I. lið í kröfugerð áfrýjanda verði vísað frá Hæstarétti, en hinn áfrýjaði dómur staðfestur að öðru leyti, og auk þess verði áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaður dæmdur fyrir Hæstarétti, en til þrautavara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

### **I.**

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1992 var I. lið kröfugerðar áfrýjanda vísað frá dómi. Þeim dómi skaut áfrýjandi ekki til Hæstaréttar með kæru, og var málið dæmt að öðru leyti í héraði með hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi getur hvorki nú haft uppi fyrir

Hæstarétti sömu kröfu, sem ekki hefur komið til efnisúrlausnar í héraði, né leitað endurskoðunar á fyrrgreindum frávísunardómi. Verður I. lið kröfugerðar áfrýjanda því vísað frá Hæstarétti.

## II.

Í héraðsdómi er að nokkru skýrt frá aðdraganda þess, að sjávarútvegsráðuneytið fól Guðmundi Ragnarssyni veiðieftirlitsmanni að fylgjast með ferðum skipa áfrýjanda. Guðmundur lýsir því í skýrslu til ráðuneytisins, að hann hafi 16. júlí 1991 séð fiskiskip áfrýjanda, Berghildi, SK 137, á Málmeijarsundi. Um kl. 17 hafi verið „híft“ og töluverður afli verið í nóttinni, því að skipið hafi hallast mikið. Ekki hafi verið kastað aftur, heldur „lagst í aðgerð“. Kl. 18 hafi Svölu, SK 37, verið lagt að Berghildi og hún legið þar í um 40 mínútur og haldið síðan austur mikið hlaðin. Í kjölfar skýrslu þessarar svipti ráðuneytið áfrýjanda heimild til veiða í atvinnuskyni með bréfi 23. júlí 1991. Ástæða ákvörðunar þessarar var í bréfinu tilgreind sú, að afla Berghildar hefði verið skipað yfir í Svölu úti á sjó og hann síðan ranglega skráður sem afli Svölunnar. Jafnframt er í bréfinu tekið fram, að kært verði vegna „þessa brots“. Samdægurs óskaði ráðuneytið eftir opinberri rannsókn í símbréfi til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og lét þess getið í bréfinu, að lagt yrði fyrir sýslumann yfirlit um landaðan afla ofangreindra tveggja skipa sama dag eða daginn eftir. Í símbréfinu var auk þess allýtarlegur rökstuðningur fyrir ástæðum rannsóknarbeiðinnar.

Guðmundur Ragnarsson veiðieftirlitsmaður kom fyrir lögreglu á Sauðárkróki 24. júlí 1991 og staðfesti þar áður nefnda skýrslu sína. Hann skýrði einnig sjálfstætt frá atburðum 16. sama mánaðar og því, hvernig hann hefði áður fylgst með ferðum skipanna og kannað aflatölur Svölunnar vegna ætlaðra brota skipstjóra á reglum um stjórn fiskveiða. Guðmundur kom síðar fyrir dóm og skýrði frá atburðum á sömu lund. Í framburði Guðmundar fyrir dómi kemur fram, að eftir þennan atburð ók hann frá bænum Lónkoti að Glæsi-bæ í Hofshreppi, sem er næsta býli norðan Lónkots, en þaðan hafði hann horft á nefndan atburð. Hitti hann þar fyrir þrjá menn, sem einnig höfðu fylgst með skipunum í sjónauka.

Skipstjórar beggja skipanna gáfu skýrslu fyrir lögreglunni á Sauðárkróki 30. sama mánaðar og neituðu sakargiftum. Lögreglan tók 2.

ágúst 1991 skýrslu af áðurnefndum þrem sjónarvottum, sem sögðust allir hafa fylgst með því í sjónauka frá Glæsibæ, að bátur hefði komið að hlið Berghildar og honum verið siglt þaðan eftir nokkra stund. Kváðust þeir hafa séð þess merki, að báturinn hefði tekið fisk úr Berghildi. Allir sjónarvottarnir báru, að þeir hefðu þekkt Berghildi þarna, og tveir þeirra töldu sig þekkja minni bátinn sem Svöluna. Sjónarvottarnir eru til heimilis að Glæsibæ, og eru að minnsta kosti tveir þeirra sjómenn. Eftir gögnum málsins eru þeir kunnugir skipstjórum skipa áfrýjanda og þekkja vel til útgerðar frá Hofsósi, sem er heimahöfn skipanna.

Fallast má á þau rök stefnda, að Guðmundur veiðieftirlitsmaður og hinir þrír aðrir sjónarvottar hafi vegna reynslu sinnar sem sjómenn og kunnugleika getað þekkt skipin í sjónauka, þótt nöfn þeirra eða einkennisstafir yrðu ekki greindir í tveggja til þriggja sjómílna fjarlægð frá stöðum þeim, er þeir voru staddir á. Af hálfu áfrýjanda er ekki vefengt, að fjarlægðin hafi verið um það bil sú, sem hér greinir.

Telja verður nægilega sannað með fyrrgreindum framburði sjónarvotta, að afli hafi í umrætt sinn verið fluttur á milli skipanna í andstöðu við reglur laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Á þessum tíma hafði Berghildur náð eða var við það að ná leyfilegu aflamarki, eins og getur í forsendum héraðsdóms.

### III.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður talið, að næg efnisleg skilyrði hafi verið til að svipta áfrýjanda leyfum til fiskveiða. Þegar ráðuneytið beitti nefndu úrræði gagnvart áfrýjanda, lá eftir framan-sögðu fyrir nefnd skýrsla veiðieftirlitsmannsins, sem studd var frásögnum sjónarvotta, svo og upplýsingar frá veiðieftirlitsmanninum um landaðan afla skipanna tveggja. Áfrýjanda var ekki gefinn kostur á að tjá sig um ákvörðunina, áður en hún var tekin. Á henni voru því formlegir annmarkar.

Hins vegar er til þess að líta, að ráðuneytið fór, eins og fyrr segir, samdægurs fram á opinbera rannsókn á þeirri háttsemi, sem var grundvöllur leyfissviptingarinnar 23. júlí 1991. Gafst áfrýjanda og skipstjórum þeim, sem hlut áttu að máli, þá kostur á að tjá sig um efni málsins og kynna sér þau gögn, sem ákvörðun ráðuneytisins

studdist við. Hinir formlegu annmarkar á ákvörðuninni þykja ekki hafa komið í veg fyrir, að mál áfrýjanda væri rannsakað sem skyldi. Við lögreglurannsóknina kom ekkert fram, sem veitti ástæðu til að endurskoða ákvörðun ráðuneytisins frá 23. júlí 1991.

Pegar litið er til brots áfrýjanda á lögum um stjórn fiskveiða og þess, sem fyrr er rakið, þykja fyrrgreindir annmarkar á margnefndri ákvörðun ekki vera nægilegur grundvöllur til þess að leggja skaðabótaskyldu á stefnda.

Með framangreindum athugasemdum verður niðurstaða héraðsdóms staðfest. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

### D ó m s o r ð :

Fyrsta lið í dómkröfum áfrýjanda, Bergeyjar hf., er vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 1995.**

Ár 1995, mánudaginn 10. apríl, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 11973/1991: Bergey hf. gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í Héraðsdómi Reykjavíkur.

*Inngangur (a- og b-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. 1. nr. 91/1991).*

Mál þetta, sem var tekið til dóms í dag að undangengnum munnlegum málflutningi, hefur Bergey hf., Hofsósi, höfðað fyrir dómnum á hendur ríkisvaldinu, eins og að ofan greinir, með stefnu, birtri 16. október 1991.

*Atvik og ágreiningsefni (d-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. 1. nr. 91/1991).*

Stefnandi stundaði fiskveiðar fyrir Norðurlandi. Hann gerði út Svöluna, SK 37, 4,96 brúttólesta hraðbát, og Berghildi, SK 137, 29 brúttólesta fiskibát. Hinn 16. febrúar 1991 fékk stefnandi leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna Svölnnar frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 á grundvelli 5. gr. og 6. mgr. II. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990, sem tóku gildi 1. janúar 1991. Hinn 16. júní 1991 fékk stefnandi leyfi vegna Berghildar frá 16. júní 1991 til 31. desember 1991 til að veiða þorsk, ýsu, ufsa, skarkola og rækju með öllum veiðarfærum, sem notuð eru við botnfisksveiðar, þ. m. t.

dragnót, en magntakmarkanir voru á hverri fisktegund. Af Svölunni mátti stunda línuveiðar og handfæraveiðar án magntakmarkana, en sókn var takmörkuð; þannig var veiði óheimil frá og með 31. júlí til og með 9. ágúst. Svalan var á handfæraveiðum um sumarið. Hinn 23. júlí 1991 var stefnandi að boði sjávarútvegsráðuneytisins sviptur heimild til fiskveiða í atvinnu skyni. Var honum gefið að sök, að þorskafla Berghildar hefði verið skipað yfir í Svöluna úti á sjó og hann síðan skráður sem afli Svölnnar við löndun, eftir að þorskkvóti Berghildar hafði verið fylltur og vel það. Leyfið var síðan endurveitt 12. ágúst 1991 frá 1. september 1991 á grundvelli 1. gr. reglugerðar nr. 367/1991. Stefnandi telur leyfissviptinguna ólögmeta og krefst bóta.

*Kröfur og athugasemdir um rekstur málsins (c- og g-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. 1. nr. 91/1991).*

Stefnukröfur voru upphaflega þær:

að viðurkennt yrði með dómi,

– að sjávarútvegsráðuneytinu hefði verið óheimilt 23. júlí 1991 að svipta stefnanda veiðileyfi Svölnnar, SK 37, Hofsósi, Skagafirði, til veiða með línu og handfæri, sem gefið hafði verið út fyrir veiðitímabilið 1. september 1990 til 31. ágúst 1991,

– að ríkissjóði bæri að greiða stefnanda fyrir hönd sjávarútvegsráðuneytisins 700.000,00 kr. í skaðabætur og 400.000,00 kr. í miskabætur, dráttarvexti og málskostnað.

Stefndu kröfðust aðallega frávísunar, til vara sýknu og til þrautavara lækkunar. Í aðal- og varakröfu var krafist málskostnaðar, en í þrautavarakröfu, að málskostnaður félli niður.

Hinn 28. maí 1992 var kröfulið nr. 1 vísað frá dómi.

Héraðsdómur var kveðinn upp í málinu 19. apríl 1993. Dóminum var áfrýjað og hann ómerktur 22. september sl. og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings. Hinn 23. mars sl. óskaði lögmaður stefnanda að fá að leggja fram skjöl um staðreyndir málsins. Umboðsmaður stefnda mótmælti skjalaframlagningu á þeim grundvelli, að gagnaöflun hefði verið lýst lokið. Dómari féllst ekki á kröfu stefnanda um framlagningu skjala.

Kröfur stefnanda eru nú þær, að hinir stefndu ráðherrar verði dæmdir til að greiða stefnanda 1.058.000,00 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá 1. október 1991 til greiðsludags, en til vara, að viðurkennt verði með dómi, að þeim beri að greiða stefnanda hið sama. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast nú aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð og málskostnaður felldur niður.

*Málsástæður (e-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. l. nr. 91/1991).*

Meginmálsástæða stefnanda er, að svipting veiðileyfisins hafi verið ólög-mæt, þar sem til hennar hafi skort lagaheimild, efnisleg ástæða til hennar hafi verið ósönnuð og ráðuneytið beri sönnunarbyrði fyrir því, að efnis-ástæður hafi verið til leyfissviptingar. Þar sem ákvörðunin hafi verið íþyngj-andi og rannsóknarvald, úrlausnarvald og fullnustuvald á einni hendi, hafi ráðuneytinu borið að rökstyðja hana; ráðuneytið hafi gerst offari og fram-ferði þess farið í bága við meginreglur stjórnarsýsluréttar, andmælareglu, lög-mætisreglu, jafnræðisreglu og rannsóknarreglu. Ekki hafi verið farið rétt að; átt hefði að vara stefnanda við og láta fara fram opinbera rannsókn, áð-ur en leyfissviptingin var ráðin. Stefnandi reisir bótakröfu sína á reglu um bótaábyrgð hins opinbera vegna löglausra stjórnarathafna og vitnar í ákvæði laga nr. 38/1990, 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, grunnrök 264. gr. laga nr. 19/1940, meginreglur XVIII. kafla laga nr. 74/1974 og 24. gr. og 28. gr. laga nr. 18/1949. Hann kveður tjón sitt felast í missi afla í 29 daga á besta veiðitímabili handfærabáta að frádregnum áætluðum kostnaði.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að stefnandi hafi fyrirgert veiðiheimildum sínum með því að skrá fiskafla, dreginn af skipi háðu aflatak-mörkunum, á annan bát í eigin útgerð, háðan sóknartakmörkunum, en ekki afla-takmörkunum, í bága við ákvæði laganna um stjórn fiskveiða, reglugerðar settrar samkvæmt þeim og skilmála leyfisbréfs Svölnnar og taka sér þann-ig stærri skerf úr takmörkuðum nytjafiskastofnum en hann átti rétt á með því ólög-mæta markmiði að ná meiri afla en svaraði aflahlutdeild Berghildar og tryggja sér auknar veiðiheimildir á Svöluna í framtíðinni, þar sem afla-heimildir línu- og færabáta séu miðaðar við aflareynslu. Leyfissviptingin hafi verið innan valdmarka ráðuneytisins samkvæmt ákvæðum leyfisbréfs og eftirgreindum lagafyrirmælum. Það sé ekki skilyrði leyfissviptingar, að brot verði metið huglægt til sakar; leyfissvipting sé friðunarúrræði, sem einnig megi m. a. beita til að knýja fram efndir á skyldu. Full ástæða hafi verið til að svipta stefnanda leyfinu og nægar upplýsingar legið fyrir við ákvörðun, frekari rannsókn eða skýringar af hálfu stefnanda hefðu engu getað breytt. Stefndu kveða ráðuneytið sjálft hafa tekið ákvörðun um leyfissviptinguna án formannmarka og án þess, að fyrirfarandi rannsóknar þyrfti við, og vitna sérstaklega til laga nr. 38/1990, 3., 4., 7. og 16. gr., og 2. mgr. 20. gr., 1. mgr. ákv. til bráðabirgða nr. I, 3., 4. og 6. mgr. ákv. til bráða-birgða nr. II, 25. gr. reglugerðar nr. 465/1990 og 1. gr. reglugerðar nr. 489/

1990. Stefndu telja bótakröfu vanreifaða og ósannaða, ekki tekið tillit til kostnaðarsparnaðar, miskabótakröfu heimildarlausa og stefnanda skorta aðild að henni og dráttarvexti ekki verða reiknaða frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Verði talið, að formlegir annmarkar hafi verið á leyfisveitingunni, telja stefndu, að ekkert tjón verði rakið til þeirra. Stefndu mótmæla breytingu á kröfugerð stefnanda.

*Niðurstöður (f-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. I. nr. 91/1991).*

Um ágreining aðila gilda ákvæði laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni nr. 465/1990 og skilmálar almenns veiðileyfis stefnanda skv. 1. mgr. 4. gr. laganna og svonefnds krókaleyfis Svölunnar, út gefins 16. febrúar 1991. Sjávarútvegsráðuneytinu er samkvæmt ákv. 2. mgr. 20. gr. laganna heimilt að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma vegna brota á lögunum, reglugerð og ákvæðum leyfisbréfa. Samkvæmt hefðbundnum skilningi á valdmörkum stjórnvalda og dómstóla verður ekki talið, að ákvæðið fari í bága við 2. gr. stjórnarskrár. Ákvæði reglugerðarinnar og veiðileyfisins, sem á reynir í málinu, eru í samræmi við fyrirmæli laganna.

Leyfissviptingin fór þannig fram, að ráðuneytið fól eftirlitsmanni sínum að „svipta“ stefnanda „heimild til fiskveiða í atvinnuskyni“. Eftirlitsmaðurinn heimsótti fyrirvarsmenn stefnanda, skýrði þeim frá ákvörðun ráðuneytisins og krafði þá um leyfisbréfin.

Ekki verður fallist á þá skoðun stefnanda, að ráðuneytið hafi framselt ákvörðunarvald sitt. Það, sem starfsmanni ráðuneytisins var falið að gera, felur ekki í sér neitt framsal á valdi ráðuneytisins til annarra. Á það er fallist með stefnanda, að þar sem ákvörðunin var íþyngjandi og fól í sér refsikennd viðurlög, hliðstæð viðurlögum, sem dómstólar leggja á að jafnaði, og þar sem rannsóknarvald, úrlausnarvald og fullnustuvald var allt á hendi sama stjórnvalds, hafi borið að vanda til ákvörðunarinnar og undirbúnings hennar. Samkvæmt óskráðum reglum stjórnsýsluréttar bar að rannsaka brotið og afla gagna, sem fallin voru til að sannfæra stjórnvaldið um sök stefnanda. Þá bar að afla skýrslna hinna brotlegu og gera stefnanda kost á að tala máli sínu og kynna sér sakargögn. Úrskurðinn bar að rökstyðja.

Ekki verður fallist á það með stefndu, að svo mikilvægir hagsmunir væru bundnir við, að veiðar stefnanda væru umsvifalaust stöðvaðar, að þeir réttlættu frávik frá almennum reglum um framkvæmd og undirbúning ákvörðunarinnar. Fyrirmæli laganna gefa ekki tilefni til þeirrar ályktunar, og hún verður ekki byggð á eðli málsins.

Ráðuneytið sendi eftirlitsmann sinn á vettvang til að komast að, hvað hæft væri í áburði um misferli stefnanda. Eftirlitsmaðurinn gaf ráðuneytinu skýrslu um, að hann hefði staðið stefnanda að verki, studda vitnisburði þriggja manna. Lét ráðuneytið gera könnun á aflabrögðum báta stefnanda, sem leiddi í ljós, að frá 1. viku júní og fram til 16. s. m. höfðu 16 tonn borist á land með Svölunni, en tæp 22 tonn á Berghildi, og verður þá ákvörðunin ekki fordæmd á þeim grundvelli, að hún hafi verið tekin án fyrirfarandi rannsóknar eða án sannfærandi gagna. Í bréfi því, sem eftirlitsmanninum var fengið, segir: „Ákvörðun þessi er tekin, þar sem afla mb. Berghildar, SK 137, hefur verið skipað yfir í mb. Svölu, SK 37.“ Þessi rökstuðningur er í knappasta lagi, og einkum skortir tilvísun í lagafyrirmæli, en þó verður ekki sagt, að ákvörðunin sé órökstudd. Ekki er þess getið, að leyfissviptingin sé tímabundin, en hún var það þó í reynd, þar sem hún var aðeins látin gilda þann tiltölulega stutta tíma, sem eftir var af veiðitímabilinu, og stefnanda síðan veittar fullar veiðiheimildir fyrir næsta tímabil. Stefnanda var enginn kostur veittur á að tala máli sínu eða bregðast við fram komnum gögnum, áður en ákvörðunin var tekin. Samkvæmt þessu verður að fallast á, að nokkrir meinbugir hafi verið á úrlausn ráðuneytisins. Hins vegar verður að fallast á það með stefndu, að þessir ágallar á undirbúningi og framkvæmd ákvörðunarinnar skeri ekki úr um bótaskyldu. Samkvæmt almennum reglum um bótaábyrgð hins opinbera verður ekki talið, að sá, sem bíður tjón af íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, eigi rétt á bótum, ef hann hefur unnið til þeirrar hagsmunaskerðingar, sem af ákvörðuninni leiðir eða í henni felst.

Stefnandi mátti veiða 55,254 kg af þorski árið 1991 fram til ágústloka þess árs, en auk þess var honum unnt að ná út á krókaleyfi Svölnnar. Þegar stefnandi var sviptur veiðileyfi Berghildar, hafði veiðiskýrsla fyrir júnímánuð ekki borist, en samkvæmt aflaskýrslum stefnanda og vigtarskýrslum var afli kominn um fimm smálestir fram yfir aflamark. Við aðalmeðferð málsins kom fram af hálfu stefndu, að stefnandi hefði verið við að ná aflamarki, þegar útreikningar höfðu verið leiðréttir. Stefnandi hefur lagt fram framsal til sín á 30 tonna þorskkvóta, dags. 20. júlí 1991. Þessi yfirlýsing, gefin, eftir að brot það, sem stefnandi er sakaður um, á að hafa verið framið, getur engu breytt um réttarstöðu aðila, sbr. 11. gr. og 12. gr. I. nr. 38/1990. Ef rétt er, að stefnandi hafi látið líta svo út, að þorskafli fenginn í dragnót væri dreginn á handfæri, hefur hann brotið gegn fyrirmælum laganna, reglugerðarinnar og skilmálum almenns og sérstaks veiðileyfis fyrir báta sína, veitt meira á dragnót en honum var heimilt, gefið rangar upplýsingar um afla á handfæri og tryggt sér þannig ranglega auknar veiðiheimildir á krókaleyfi, sbr. 10. gr. og 6. mgr. II. brákv. laga nr. 38/1990, sbr. enn frem-

ur önnur ákvæði, sem stefndi hefur vitnað til. Hann hefur þá unnið til að vera sviptur veiðileyfi tímabundið skv. 2. mgr. 20. gr. s. l.

Eftirlitsmaður ráðuneytisins var staddur á sjávarströndinni í landi Lónakots rétt fyrir vestan bæinn þriðjudaginn 16. júlí 1991 um kl. 18.00 og var að fylgjast með veiðum fiskibáts á Málmeijarsundi í um 2–3 sjómílna fjarlægð, sem hann kveðst fullviss um, að hafi verið mb. Berghildur. Kom þá hraðbátur, er eftirlitsmaðurinn kannaðist við sem Svöluna, lagðist að Berghildi, tók við afla af henni og sigldi síðan í austurátt. Eftirlitsmaðurinn fór þá heim að Glæsibæ og hitti þar bóndann og syni hans tvo, sem töldu sig hafa séð hið sama. Allir staðfestu þeir skýrslur sínar fyrir lögreglu, og vætti eftirlitsmannsins hefur komið fram í málinu. Bóndinn og annar sonur hans skýrðu lögreglu svo frá, að afli hefði verið fluttur milli bátanna oft um sumarið. Árið áður var viðurkennt af hálfu stefnanda, að fiskur, sem veiddur var í dragnót Berghildar 24. ágúst það ár, hefði verið settur um borð í Svöluna á sjó, og var stefnandi sviptur veiðileyfi um stundarsakir af þeim ástæðum. Ráðuneytinu hafði borist fjöldi ábendinga frá vigtarmönnum, sjómönnum, útgerðarmönnum og fiskverkendum um ætlaðar yfirsjónir stefnanda, áður en ákveðið var að senda eftirlitsmanninn norður. Þá hafa komið fram skýrslur og gögn unnin úr þeim um aflabrögð Svölunnar og annarra handfærabáta, sem sýna ótrúlega mikinn afla miðað við almenna reynslu af aflabrögðum á handfæraveiðum. Þannig kemur fram í úttekt, sem ráðuneytið lét gera á afla 82 norðlenskra krókabáta tímabilið frá 22. júní til 17. júlí 1991, að Svalan var langaflahæst, með 17,666 kg úr 10 róðrum. Sá, sem næstur kom, hafði fengið 9,140 kg úr 18 róðrum. Lagðar hafa verið fram skýrslur Fiskifélags Íslands um afla nokkurra handfærabáta. Samkvæmt þeim var þorskaflí Svölunnar 9,796 kg í maí 1991, 11,388 í júní og 12,189 í júlí. Sæðis, EA 26, aflaði 7,683, 11,094 og 17,791 kg af þorski á sömu tímabilum. Sæðisin er með þriggja manna áhöfn og mælist 42,4 rúmmetrar, en Svalan 21,3.

Skipstjórinn á Svölunni, sem rær einn, kveðst hafa látið úr höfn frá Hofsi 15. júní með afla um borð, sem hann hafði fengið tveimur dögum áður, lagst upp að Berghildi á Málmeijarsundi þennan dag, landað á Dalvík, verið allan næsta dag norður af Siglunesvita og siglt til Dalvíkur um nóttina. Þar landaði hann 2,225 kg 15. júní og 1,679 kg 17. s. m., mestmegnis þorski. Þykir þessi frásögn öll með ólíkindum, að því er varðar aflabrögð og geymslu á fiski um borð í bátum dögum saman.

Á það þykir mega fallast með stefnanda, að stefndu beri sönnunarbyrðina fyrir því, að fullnægjandi efnisástæður hafi legið til ákvörðunar ráðuneytisins, en jafnframt gildir sú almenna sönnunarregla, að bótakrefjandi verði að sýna fram á, að um bótaskilyrði sé að ræða. Þótt stefnandi hafi

réttilega bent á nokkrar veitur í sönnunarfærslu stefndu, þykja þeir hafa leitt svo sterkar líkur að því, að stefnandi hafi unnið til leyfissviptingar, að ekki verði talið, að hann hafi sýnt fram á rétt sinn til bóta úr ríkissjóði. Samkvæmt þessu þykir bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

*Niðurlag (g-, h- og i-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. l. nr. 91/1991).*

Málskostnaður fellur niður. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan og samdi hann samkvæmt fyrirmælum 1.-3. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Bergeyjar hf.

Málskostnaður fellur niður.

---